

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykktin gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og eyðingu úrgangs, í Rangárþingi eystra.

Sérhverjum húsráðanda í sveitarfélagini, hvort sem um er að ræða húsráðanda íbúðar-, frístunda- eða atvinnuhúsnaðis, er skyld að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður við þá meðhöndlun.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- b. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- c. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganganum veldur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 og svæðisáætlun sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs eru lagðar til grundvallar samþykkt þessari.

2. gr.

Skilgreiningar.

Húsráðandi: Eigandi eða umráðandi viðkomandi fasteignar.

Ílát: Möttökuílát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðunum 240 l, 660 l eða 1.100 l. Önnur ílát eru opnir eða lokaðir gámar í stærðum frá 2 m³ upp í 30 m³.

Grunneining: Samsetning tveggja ílata, blátunnu og grátunnu.

Blátunnan: Ílát, með bláu loki, undir endurvinnanlegan heimilisúrgang, annan en garðaúrgang og timbur. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í blátunnuna.

Grátunnan: Ílát, með gráu loki, undir annan heimilisúrgang en þann sem flokkast í blátunnuna, annan en garðaúrgang, timbur og spilliefni.

Heimilisúrgangur: Úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Rekstrarúrgangur: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu eða verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Annar úrgangur: Annar úrgangur en sá sem flokkast sem heimilisúrgangur eða rekstrarúrgangur.

Þjónustuverktaki: Einstaklingur eða lögaðili sem sveitarstjórn hefur falið framkvæmd á tilteknunum þáttum meðhöndlunar úrgangs.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili, annar en þjónustuverktaki, sem hefur starfsleyfi til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs.

Söfnunartæki: Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr ílátum.

Söfnunarleið: Vegur sem söfnunartæki ekur til þess að safna úrgangi frá íbúðarhúsum.

Aðkomustaður: Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnaðis. Sé aðgengi eða heimreið að íbúðarhúsi ekki aksturshæf færst aðkomustaður söfnunartækis í samræmi við það.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttöku-stöðvar .

3. gr.

Fyrirkomulag sorphirðu.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirlit sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðis-nefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnaði fer fram í samræmi við útgefíð

sorpirðudagatal, en söfnun frá frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði fer fram að höfðu samráði við viðkomandi aðila.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

4. gr.
Íbúðarhúsnæði.

Allt íbúðarhúsnæði í sveitarfélagini skal búið grunneiningu ílátá. Stærð grunneininga er 240 l blátunna og 240 l grátunna. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, annan en garðaúrgang, timbur og spilliefni. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Staðsetning ílátá má að hámarki vera 20 m frá aðkomustað söfnunarartækis við íbúðarhúsnæði. Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við halddið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar ílátá mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Öðrum úrgangi frá íbúðarhúsnæði skal skila á söfnunarstöð sveitarfélagsins eða semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

5. gr.
Frístundahúsnæði.

Húsráðanda frístundahúss er ekki skylt að hafa grunneiningu ílátá en getur óskað eftir því. Samkomulag um slíka grunneiningu er á milli húsráðanda frístundahúsnæðisins og þjónustuverktaka. Stærð grunneininga er 240 l blátunna og 240 l grátunna. Húsráðendum frístundahúsa er heimilt að sameinast um ílát. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, annan en garðaúrgang, timbur og spilliefni. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Húsráðandi frístundahúss sem ekki hefur grunneiningu ílátá, skal skila heimilisúrgangi á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

Staðsetning ílátá má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunarartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunarartækjum og skal húsráðandi gæta þess að ílát séu hrein, vel við halddið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar ílátá mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Öðrum úrgangi frá frístundahúsnæði skal skila á söfnunarstöð sveitarfélagsins eða semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

6. gr.
Atvinnustarfsemi.

Húsráðanda atvinnuhúss, eða rekstraraðila lögbýla, er ekki skylt að hafa grunneiningu ílátá en getur óskað eftir því. Samkomulag um slíka grunneiningu er á milli húsráðanda atvinnuhúsnæðis og þjónustuverktaka/þjónustuaðila. Stærð grunneininga er 240 l blátunna og 240 l grátunna. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, annan en garðaúrgang, timbur og spilliefni. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á móttökusvæði sveitarfélagsins. Húsráðandi atvinnuhúsnæðis sem ekki hefur grunneiningu ílátá, skal skila heimilisúrgangi á móttökustöð sveitarfélagsins.

Staðsetning ílátá má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunarartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunarartækjum og skal húsráðandi gæta þess að ílát séu hrein, vel við halddið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar ílátá mega ekki hamla hirðingu þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Rekstrarúrgangi og öðrum úrgangi frá atvinnustarfsemi skal skila á söfnunarstöð sveitarfélagsins, móttökustöð eða semja við þjónustuverktaka/þjónustuaðila um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

7. gr.

Pjónustuaðilar.

Sveitarstjórn ákveður hvernig samskiptum þjónustuaðila og sveitarfélagsins er háttáð og setur reglur um verklag og tilhögun valkvæðrar þjónustu.

8. gr.

Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarfélagini ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs.

Setja skal allan úrgang í viðeigandi ílát að öðrum kosti er þjónustuverktaka heimilt að skilja hann eftir.

Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum.

Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.

Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktaróþægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, sorp eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélagini. Sama á við númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

9. gr.

Móttaka úrgangs á söfnunarstöð.

Söfnunarstöð er fyrir íbúa, húsráðanda, rekstraraðila eða landeiganda í sveitarfélagini til að losa sig við úrgang.

Á söfnunarstöð er gerð krafa um flokkun úrgangs og ber notendum skylda til að fara eftir þeirri flokkun. Úrgangur skal flokkaður við móttöku samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangi og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs eru nánar greindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og eyðingu hvers um sig. Slík gjöld skulu innheimt við móttöku annarra úrgangsflokkna en almenns heimilisúrgangs sem safnað er af sveitarfélagini eða þjónustuverktaka. Heimilt er að undanþiggja gjaldskyldu minni háttar magn tiltekins heimilisúrgangs sem komið er með til söfnunarstöðvar.

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn auglýstan afgreiðslutíma. Heimilt er sveitarstjórn hverju sinni að fjölga söfnunarstöðum, tímabundið, með eða án vöktunar.

10. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, frístdundahús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

Nr. 46

11. janúar 2012

11. gr.
Ýmis ákvæði.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við skrifstofu Rangárþings eystra eða til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

12. gr.
Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 40. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

13. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 137/2005 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra.

Umhverfisráðuneytinu, 11. janúar 2012.

F. h. r.
Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Iris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2012